



Borgarráð

### *Viðaukar við fjárhagsáætlun 2019*

#### **1. Kjarasamningsbundnar launahækkningar kennara FÍH vegna einkarekinna tónlistarskóla**

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasvið verði hækkaðar um 20.687 þ.kr. vegna kjarasamningsbundinna launahækkana kennara í Félagi íslenskra hljómlistarmanna við einkarekna tónlistarskóla. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
SFS	xxxx	Skóla- og frístundasvið	Til	20.687
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	-20.687
			<b>Samtals</b>	<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

#### ***Greinargerð:***

Vísað er til kjarasamnings Samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarafélags Íslands/Félags Tónlistarskólakennara sem gerður var 14. maí 2018 og samþykktar var í samstarfnefnd Félags íslenskra hljómlistarmanna þann 18. júní 2018. Kostnaðarmat nemur 20.687 þ.kr.

#### **2. Samningur um lífeyrisauka aðildarféлага ASÍ fyrir árið 2019**

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða verði hækkaðar um 309.338 þ.kr. vegna sérstaks lífeyrisauka aðildarféлага ASÍ. Breytingin verði fjármögnuð af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÍTR	xxxx	Íþróttá- og tómstundasvið	Til	1.757
MOF	xxxx	Menningar- og ferðamálasvið	Til	1.111
SFS	xxxx	Skóla- og frístundasvið	Til	138.762
USK	xxxx	Umhverfis- og skipulagssvið	Til	52.179
VEL	xxxx	Velferðarsvið	Til	115.529
ÖNN	09126	Launa og starfsmannakostnaður	Frá	-309.338
			<b>Samtals</b>	<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

### Greinargerð:

Vísáð er í samninga Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi aðildarfélaganna ASÍ sem samþykktur var í borgarráði þann 28. september 2017, sbr mál R17090239, um viðbótariðgjald upp á 5,85% vegna sérstaks lífeyrisauka.

### 3. Kostnaður vegna borgarstjórnar.

Lagt er til að fjárheimildir á skrifstofu miðlægrar stjórnsýslu verði hækkaðar um 56.000 þ.kr. vegna aukins launa- og fundarkostnaðar í borgarstjórn. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður og 09205 Ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
RHS	xxxx	Skrifstofa borgarstjórnar	Til	56.000
ÖNN	09126	Launa og starfsmannakostnaður	Frá	-36.000
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	-20.000
			<b>Samtals</b>	<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

### Greinargerð:

Aukinn kostnaður vegna uppfærslu á launum borgarfulltrúa samkvæmt þróun launavísitölu á árinu 2019 í samræmi við 3. gr. samþykktar um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg er um 16 m.kr., einnig hefur samsetning í ráðum og nefndum verið hærri en gert var ráð fyrir um 20 m.kr. og tölvubúnaður og fundargjöld um 2 m.kr.

Auk þess voru við rammaúthlutun ársins teknar út fjárheimildir fyrir ½ ÍTR ráði og ½ MOF ráði sem nemur um 18 m.kr. og hefði átt að skila sér inn í ramma borgarstjórnar vegna meðferðar borgarmála en gerði ekki. Samtals eru þetta 56 m.kr.

#### 4. Viðauki vegna hækkunar á fjárheimildum til skóla- og frístundasviðs

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 330.162 þ.kr. og færirst með eftirfarandi hætti:

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
SFS	<i>Grummskólahluti</i>		
SFS	M2201	Langtímaveikindi	Til 124.593
SFS	M2223	Skóla- og sundakstur	Til 62.200
SFS	M2124	Fossvogsskóli	Til 78.732
SFS	M2188	Klettaskóli	Til 19.187
SFS	M2140	Breiðholtsskóli	Til 13.943
SFS	M2171	Dalskóli	Til 13.673
SFS	M2142	Seljaskóli	Til 17.833
ÖNN	9205	Óráðstafað	Frá -330.162
Samtals			0

Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019. Breyting hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2019 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

#### Greinargerð:

Fjármagn samkvæmt viðauka fer til að fjármagna forföll vegna langtímaveikinda 124,9 m.kr. Aukið er fjármagn til skóla- og sundakstur vegna hækkunar á kostnaði í kjölfar útboða, hækkun gjaldskrár var um 38% frá fyrra ári, viðauki er að fjárhæð 62,2 m.kr.

Aukið er fjármagn til skóla vegna brunatjóns í Seljaskóla, í tengslum við lagfæringa í Fossvogsskóla og Breiðholtsskóla og aukins rekstarkostnaðar í tengslum við stækkun Klettaskóla og Dalskóla, samtals 143,4 m.kr.

#### 5. Viðauki vegna tilflutnings á fjárheimildum á skóla- og frístundasviði

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi tilfærslur á fjárheimildum á milli þjónustuhluta á skóla- og frístundasviði:

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)
SFS	<i>Grunnskólahluti</i>		
	M2202	Endurúthlutun	Til 29.774
	M2206	Stuðningur í grunnskólum	Til 215.636
	M220X	Arnarskóli	Til 30.761
		Samtals	276.172
SFS	<i>Fristundastarf</i>		
	I7100	Miðlægur kostnaður frístundastarf	Frá -54.000
	I7561	Afleysingar vegna forfalla	Frá -6.000
SFS	<i>Leikskólahluti</i>		
	D418	Endurúthlutun leikskóla	Frá -195.511
SFS	<i>Skrifstofur SFS</i>		
	M2272	Miðlægur kostnaður SFS	Frá -20.660
		Samtals	-276.172
	Samtals		0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

#### **Greinargerð:**

Í samræmi við heimild í reglum Reykjavíkurborgar um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar leggur sviðsstjóri skóla- og frístundasvið til að leysa vanda grunnskóla með tilfærslu á vannýttum fjárheimildum innan sviðsins.

Færsla fjárheimilda tekur mið af útkomuspá sviðsins í kjölfar 9 mánaða uppgjörs og eftir að búið er að færa fjármagn úr pottum innan þjónustubátta.

Óskað er eftir að fluttar verði til grunnskólaskrifstofu fjárheimildir samtals 276.172 þ.kr. Verða 29.774 þ.kr. fluttar á endurúthlutun til að setja pottinn á 0, samtals 215.636 þ.kr. verða fluttar í pott vegna stuðnings í grunnskólum og að lokum verða 30.761 þ.kr. fluttar yfir til Arnarskóla en þar hefur aukinn kostnaður fallið til samhliða fjölgun nemenda í skólanum án þess að fjárheimildir hafi komið til.

#### **Frísundaskrifstofa:**

Frísundastarf er með ónýttar fjárheimildir 60 m.kr, og verða þær fluttar yfir til grunnskóla. Ekki verða tilfærslur milli liða innan frístundastarfs. Afgangur er vegna færri starfsmanna og lægri rekstrarkostnaðar.

#### **Leikskólaskrifstofa:**

Ónýttar fjárheimildir eru áætlaðar um 195,5 m.kr. þar sem hægar hefur gengið að taka inn börn og þá sérstaklega yngstu börnin, þessar fjárheimildir eru færðar yfir á grunnskólaskrifstofu.

#### **Miðlægur kostnaður:**

Afgangur er í miðlægum kostnaði vegna verkefna sem ekki hafa farið af stað eða dregið hefur

verulega úr umfangi.

## 6. Viðauki vegna afleiddra kostnaðaráhrifa 2019 á einkarekna leikskóla

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 34.902 þ.kr. vegna afleiddra kostnaðaráhrifa á einkarekna leikskóla. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
SFS	XXX	Skóla- og frístundasvið	Til	34.902
ÖNN	09126	Launa og starfsmannakostnaður	Frá	-34.902
			<b>Samtals</b>	<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstararniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

### Greinargerð:

Um er að ræða afleidd kostnaðaráhrif á einkarekna leikskóla vegna framlags lífeyrisauka ASÍ (5,85%) og samgöngustyrks fyrir árið 2019.

## 7. Viðauki vegna tilflutnings á fjárheimildum á velferðarsviði

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi tilfærslur á fjárheimildum á milli þjónustuhluta á velferðarsviði:

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
VEL	F4120	Vistunarþjónusta barna m. broskaraskanir	Til	427.000
	F9020	Vistgreiðslur barnaverndar	Til	140.000
			Til	
VEL	F4508	Sameiginl. stuðningsfjölskyldur og þj.	Frá	-140.000
	F4399	Búsetuúrræði	Frá	-312.000
		Sameiginlegur kostnaður		
	01292	þjónustumiðstöðva	Frá	-115.000
			<b>Samtals</b>	<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstararniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

### Greinargerð:

Í samræmi við heimild í reglum Reykjavíkurborgar um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar leggur sviðsstjóri velferðarsviðs til að færðar verði fjárheimildir á milli þjónustupátta með tilfærslu á vannýttum fjárheimildum innan sviðsins.

Færsla fjárheimilda tekur mið af útkomuspá sviðsins í kjölfar 9 mánaða uppgjörs og eftir að búið er að færa fjármagn úr pottum innan þjónustubátta.

Vistunarþjónusta barna með þroska- og geðraskanir er í halla ásamt vistgreiðslum barnaverndar. Á sama tíma er afgangur í búsetuúrræðum.

**Vistunarþjónusta barna með þroska- og geðraskanir:**

Óskað er eftir flutningi fjármagns á kostnaðarstað F4120 að upphæð 427 m.kr.

Framlag úr jöfnunarsjóði er ekki nægilegt til að sinna þessari þjónustu en um er að ræða mjög dýr úrræði til að mæta þörfum þessara barna.

**Vistgreiðslur barnaverndar:**

Óskað er eftir flutningi fjármagns á kostnaðarstað F9020 að upphæð 140 m.kr.

Börn sem fara í vistun eru með fjölbættari vanda en áður og úrræðin dýrari af þeim sökum.

**Sameiginl. stuðningsfjölskyldur og þjónusta:**

Óskað er eftir flutningi fjármagns af kostnaðarstað F4508 að upphæð 140 m.kr.

Kostnaðarstaður er innan fjárheimilda vegna seinkunar á opnun skammtímvistunar.

**Búsetuúrræði:**

Óskað er eftir flutningi fjármagns af kostnaðarstað F4399 að upphæð 312 m.kr.

Búsetuúrræði eru innan fjárheimilda og skýrist það af fjárheimildum vegna nýrra heimila sem eru ekki komin í rekstur.

**Sameiginlegur kostnaður þjónustumiðstöðva:**

Óskað er eftir flutningi fjármagns af kostnaðarstað 01292 að upphæð 115 m.kr. Sameiginlegur kostnaður þjónustumiðstöðva er innan fjárheimilda vegna verkefna sem ekki hafa farið af stað

Dagur B. Eggertsson